

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

15. september 2017

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Ýmislegt skemmtilegt hefur verið gert til að brjóta upp skólastarfið og efla tengsl nemenda, jafnt innan starfsstöðvarinnar okkar hér og við hinar stöðvarnar á Hólum og Sólgorðum. Yngstu nemendur skólans voru með gistinótt í skólanum, nemendur 5.-7. bekkjar í öllum skólunum fóru í gistiferð í Skagasel og einnig fóru nemendur 8.-10. bekkjar í vel heppnaða ævintýraferð.

Fatnaður nemenda

Foreldrum/forráðamönnum er bent á að klæða börnin í samræmi við skólastarfið, sérstaklega í ljósi þess að núna á haustdögum er útistarf mikið. Allur fatnaður er á ábyrgð foreldra/ forráðamanna og því skal hann vera rækilega merktur til þess að koma í veg fyrir að hann glatist.

Útivistareglur

Skólinn vill vekja athygli á breyttum útivistartíma barna. Þann 1. september breyttust útivistareglurnar en börn 12 ára og yngri mega lengst vera úti til kl. 20 og börn 13 til 16 ára mega vera lengst úti til kl. 22. Verulegur árangur hefur náðst síðustu ár í að draga úr áhættu hegðun barna og unglunga og má ekki síst rekja það til þess að foreldrar hafa staðið saman og virt útivistarreglurnar.

Samræmd próf 4. og 7. bekkur

Samræmd próf hjá 4. og 7. bekk verða í vikunum 21.-22. september, 28.-29. september og er tímasetning þeirra sem hér segir:

| Dagsetning | Fag | Bekkur |
|-----------------------|------------|---------------|
| Fimmtudagur 21. sept. | Íslenska | 7. |
| Föstudagur 22. sept | Stærðfræði | 7. |
| Fimmtudagur 28. sept. | Íslenska | 4. |
| Föstudagur 29. sept | Stærðfræði | 4. |

Markmið með fyrirlögn prófanna eru aðallega tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa upplýsingar um að hvaða marki nemendur hafa náð grundvallarkunnáttu og færni sem frekara nám byggir á. Í öðru lagi að vera foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu nemenda. Með því að leggja samræmd könnunarpróf fyrir að hausti, gefast tækifæri til að nýta niðurstöður þeirra við skipulag náms og kennslu. Mikilvægt er að nemendur séu vel upplagðir, hafi fengið góðan nætursvefn og borðað morgunmat. Einhver röskun getur orðið á skólastarfi prófdagana og eru forráðamenn barna vinsamlega beðnir um að sýna því skilning. Ekki er ástæða fyrir foreldra að undirbúa börnin sérstaklega fyrir prófin enda eru þau hluti af hefðbundnu skólastarfi og ætlað er að meta námsstöðu nemenda.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi